





Reykjavík 08.06.2023

Varðar: Suðurgata 6 – (fsp)


Skoðuð er á ný fyrirspurn Alternance arkitekta um breytingu á deiliskipulagi fyrir Suðurgötu 6. Tillagan felst í því að gera upp gömlu bygginguna, rífa seinni tíma viðbyggingu og byggja nýtt tveggja hæða bakhús innst á lóð við lóðamörk til vesturs. Erindi fylgir nú breytt tillaga Alternance dags. 29. ásamt tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina.



Sniðmynd af fyrirhugaðri viðbyggingu



Fyrri tillaga_grunnmynd 2. hæðar



Ný tillaga_grunnmynd 2. hæðar



Núverandi skuggavarp 21. júní kl. 17



Fyrri tillaga_skuggavarp 21. júní kl. 17:00



Ný tillaga_skuggavarp 21. júní kl. 17:00





AR 2040



Húsvernd



Dvalarsvæði á lóðum nr. 6 og 4

Skipulagsleg staða:

Í Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 er lóðin á svæði íbúðabyggðar (íB1)

Í gildi er Deiliskipulag stgr.r.-1.161 Kirkjugarðsstígur, Garðastræti, Túngata og Suðurgata, dags. 26.08.1993. Í í gildandi deiliskipulagi kemur m.a. fram að vegna hins mikla hæðarmismunar á lóðamörkum Garðastrætis og Suðurgötu mætti hugsa sér bakbyggingar á Suðurgötulóðum. Lóðin er á svæði innan Hringbrautar og sem nýtur sérstakrar hverfisverndar.

Umsögn:

Í fyrri umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 12.01.2023 var jákvætt tekið í hugmyndir um niðurrif á bakhúsi og endurbyggingu gamla íbúðarhússins á grundvelli umsagnar Minjastofnunar dags. 17.08.2022 þar sem áformum um að gera upp gömlu bygginguna var fagnað og ekki gerðar athugasemdir varðandi viðbygginguna þar sem hún er talin hafa óveruleg áhrif á verndaða götumynd Suðurgötu. Fyrirsprjandi hefur unnið nýja tillögu að bakbyggingu til að lágmarka skuggavarp á aðliggjandi lóðir.

Niðurstaða:

Tekið er jákvætt í að fyrirsprjandi sendi inn umsókn um breytingu á deiliskipulagi sem verður grenndarkynnt.

F.h. skipulagsfulltrúans í Reykjavík

Sigríður Maack, arkitekt og verkefnisstjóri